

Kirkjuþing 2025-2026

11. mál – þskj. 11a

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um söfnuði og sóknarnefndir nr. 16/2021-2022 með síðari breytingum.

Flm. **Bryndís Malla Elíðóttir** og **Stefán Már Gunnlaugsson**.

1. gr.

4. mgr. 5. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Sóknarnefnd starfar á grundvelli laga um þjóðkirkjuna, starfsreglna, **stefna** og samþykktu kirkjuþings.

2. gr.

6. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Sóknarnefnd skal skipuð leikmönnum. Leikmaður telst sá sem ekki hefur tekið vígslu til prests eða djákna.

Sóknarnefndarmenn eru þrír í sóknum þar sem sóknarbörn eru færri en 300, en ella fimm, þó svo að þegar sóknarbörn eru 1.000 hið fæsta mega sóknarnefndarmenn vera sjö og níu ef sóknarbörn eru 4.000 eða fleiri, allt miðað við 1. desember næstliðinn. Fjölga skal sóknarnefndarmönnum, ef því er að skipta, á næsta aðalsafnaðarfundi þegar kjör sóknarnefndarmanna á fram að fara, eftir að þeir verða 1.000 eða 4.000 hið fæsta. Nú fækkar sóknarmönnum niður fyrir greind mörk og ákveður aðalsafnaðarfundur þá hvort fækka skuli sóknarnefndarmönnum.

Kjósa skal a.m.k. jafnmarga varamenn og aðalmenn eru og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð sem þeir voru kosnir í. Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til liðsinnis þegar hún telur ástæðu til. Nú forfallast aðalmaður varanlega og skal þá kosinn nýr aðalmaður út kjörtímabil sóknarnefndar.

Kjósa skal aðal- og varamenn til fjögurra ára sem hér segir:

1. Árið 2025 einn af þremur, tvo af fimm, þrjá af sjö og fjóra af níu.

2. Árið 2027 tvo af þremur, þrjá af fimm, fjóra af sjö og fimm af níu.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 3. gr. er aðalsafnaðarfundi heimilt að kjósa leikmann til starfa í sóknarnefndinni sem tilheyrir annarri sókn samkvæmt lögheimilisskráningu. Kosningarréttur er þó ávallt bundinn lögheimilisskráningu. Þrátt fyrir það skal meirihluti **aðalmanna** sóknarnefndar ávallt skipaður leikmönnum sem tilheyra sókninni samkvæmt lögheimilisskráningu. Leikmaður verður að uppfylla almenn skilyrði til þess að geta tekið sæti í sóknarnefnd. Leikmaður getur aðeins starfað í einni sóknarnefnd hverju sinni.

Enginn getur setið í sóknarnefnd sem aðal- eða varamaður, svo gilt sé, sem tengdur er nánnum ættarböndum við vígða þjóna safnaðarins.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 15. gr. starfsreglnanna:

a) Ný 1. mgr. 15. gr. orðist svo:

Sóknarnefnd ritar firma sóknarinnar. Nefndin getur veitt sóknarnefndarmönnum eða öðrum heimild til að rita firmað. Ritunarrétt má takmarka á þann hátt að fleiri en einn fari með hann í sameiningu. Sóknarnefnd veitir prókúruumboð.

b) 1. mgr verður 2. mgr.

4. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Starfsreglur um söfnuði og sóknarnefndir leggja grunn að farsælu starfi sóknarnefnda. Mikilvægt er að reglurnar séu skýrar og að þar komi fram öll helstu atriði er varða störf safnaða og sóknarnefnda. Nauðsynlegt er að yfirfara starfsreglurnar með reglubundnum hætti og leggja til breytingar ef þörf er á. Í framlögðum tillögum er aðeins verið að skerpa á nokkrum atriðum en engar efnislegar breytingar eru lagðar til umfram það sem þegar er í starfsreglunum. Flutningsfólk telur mikilvægt að skýrt sé kveðið á um það í starfsreglum að sóknarnefndarfólk sé ekki bundið nánum ættartengslum við vígða þjóna safnaðarins. Einnig þykir rétt að setja í reglurnar ákvæði um ritun firma og umboð til prókúru. Í núverandi reglum segir einungis að sóknarnefndin fari með fjárstjórn sóknarinnar og því telja flutningsfólk mikilvægt að áréttarátt sé náðar hvað í því felst m.t.t ritun firma og prókúruumboð.

Um 1. gr.

Lagt er til að bætt sé við að sóknarnefnd starfi einnig á grundvelli þeirra stefna sem í gildi eru í störfum þjóðkirkjunnar.

Um 2. gr.

Lagt er til að ártöl séu uppfærð svo skýrt sé að kosið er á tveggja ára fresti í sóknarnefnd. Einnig þykir rétt að bætt sé við að meirihluti aðalmanna í sóknarnefnd verði að eiga lögheimili í sókninni. Jafnframt er bætt við ákvæði um að nákominn ættingi presta eða djákna í viðkomandi sókn geti ekki setið í sóknarnefnd. Í núverandi reglum er aðeins vísað í vanhæfisreglur kirkjupings sem flutningsfólki þykir ekki nægilega skýrt. Mikilvægt er að ekki verði hagsmunaárekstrar í störfum sóknarnefnda enda leggja reglurnar ríka áherslu á samstarf presta og sóknarnefnda til velfarnaðar fyrir allt starf kirkjunnar.

Um 3. gr.

Þetta ákvæði vantaði í núverandi reglur en rétt er að skýrt sé nánar með þessu ákvæði að fjárstjórn sóknarnefndar felst m.a. í ritun firma. Einnig er rétt að tekið sé skýrt fram í starfsreglunum að sóknarnefndin veiti umboð til prókúru.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.